

Nd. 387. Frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 47 1938, um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo: Kandidatar í lögfræði og viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands eru þó undanþegnir slíku prófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um fasteignasölu, nr. 47 1938, er svo kveðið á, að ekki megi aðrir stunda fasteignasölu en þeir, sem fullnægja þar settum skilyrðum, og er meðal þeirra það að hafa staðizt próf samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins. Lögfræðingar eru þó undanþegnir slíku prófi, enda eru prófskilyrðin aðallega þau að þekkja nokkur meginatriði kröfuréttar. Síðan lög þessi voru sett, hefur verið tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við háskólann. Er lögfræði, og þar á meðal kröfuréttur, meðal kennslu- og prófgreina í því námi og prófkröfur mun meiri en við fasteignasöluprófið. Virðist því eðlilegt að undanþiggja kandidata í viðskiptafræðum prófinu eins og lögfræðinga.

Háskólaráð hefur lýst sig samþykkt því, að breyting þessi næði fram að ganga, og eru meðmæli þess prentuð hér á eftir sem fylgiskjal. Prófnefnd við fasteignasölupróf hefur og lýst sig samþykka breytingunni.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 18. febr. 1948.

Háskólaráð lýsti sig, á fundi sínum 17. þ. m., samþykkt því, að l. nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, verði breytt á þá leið, að kandidatar í viðskiptafræðum frá háskólanum njóti sömu réttinda og lögfræðingar njóta samkvæmt nefndum lögum.

Ólafur Lárusson,
rektor.